

221

20. des.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 159 18. sept. 1940, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

1. gr.

Aftan við 11. gr. reglugerðar nr. 159 18. sept. 1940, kemur ný málsgrein svo hljóðandi:

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er tekið í sínar hendur, að nokkru eða öllu leyti, leyfisveitingar samkvæmt þessari grein og framkvæmt þær í því formi, sem hún telur hentugast. Slíka ákvörðun skal skömmtunarskrifstofan tilkynna heildsöluverzlunum, smásöluverzlunum og brauðgerðarhúsum, oddvitum og bæjarstjórum með dreifibréfi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 20. desember 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

222

22. des.

## ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla.

Bæjanöfn	Arður, gjöld
Spákelsstaðir .....	2,15 %
Goddastaðir .....	4,15 —
Lambastaðir .....	3,45 —
Gillastaðir .....	3,65 —
Sámsstaðir .....	3,95 —
Hamrar .....	0,95 —
Svalhöfði .....	2,00 —
Sólheimar .....	0,10 —
Pálssel .....	2,00 —
Dönustaðir .....	5,95 —
Gröf .....	2,00 —
Svarfhóll .....	3,55 —
Prándarkot .....	2,05 —
Leiðólfsstaðir .....	4,30 —
Hornsstaðir .....	0,55 —
Höskuldsstaðir .....	7,00 —
Sauðhús .....	15,55 —
Saurar .....	7,05 —
Fjós .....	11,70 —
Hrappsstaðir .....	13,90 —
Hjarðarholt .....	4,00 —